

Samskiptaáætlun Stapaskóla

2021-2022

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Stefna Stapaskóla í samskiptamálum..... | 3 |
| Tilgangur | 3 |
| Markmið | 3 |
| Skilgreiningar | 3 |
| Ábyrgð..... | 4 |
| Starfsáætlun samskiptateymis | 5 |
| Teymi..... | 5 |
| Fundartímar..... | 5 |
| Hlutverk samskiptateymis | 5 |
| Starfsárið..... | 6 |
| Forvarnir..... | 7 |
| Stefnur og áherslur Stapaskóla í samskiptaforvörnum..... | 7 |
| Verkefni Reykjaneshæjar | 9 |
| Viðbragðsáætlun..... | 10 |
| Fylgiskjöl..... | 12 |
| Tengslakönnun yngra stig..... | 12 |
| Tengslakönnun unglíngastig..... | 14 |
| Einstaklingsviðtal umsjónarkennara..... | 16 |
| Tilkynning um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi | 17 |
| Áætlun, vinnsla og eftirfylgni samskipta, eineltis og ofbeldismála | 20 |
| Viðtalsrammi 1a..... | 22 |
| Viðtalsrammi 1b | 24 |
| Viðtalsrammi 2a | 26 |
| Viðtalsrammi 2b..... | 29 |

Stefna Stapaskóla í samskiptamálum

Einkunnarorð Stapaskóla eru gleði, vinátta, samvinna og virðing. Við viljum innleiða þau í allt okkar skólastarf. Stapaskóli leggur áherslu á að skapa jákvætt og uppbyggjandi umhverfi þar sem öllum líður vel. Skólinn vinnur að fyrirbyggjandi aðgerðum með þverfaglegu starfi starfsfólks og leitast eftir samstarfi við heimili og samfélag um nám og velferð nemenda. Stapaskóli starfar eftir uppbyggingarstefnunni uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga. Með uppeldi til ábyrgðar þjálfast nemendur í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum.

Samskiptaáætlun auðveldar okkur að stuðla að jákvæðum skólabrag og samvinnu. Samskiptaáætlun stapaskóla er í fjórum hlutum sem eru: stefna Stapaskóla í samskiptamálum, starfsáætlun samskiptateymis, forvarnaráætlun í samskiptum og viðbragðsáætlun við samskiptavanda, einelti og ofbeldi. Samskiptaáætlun Stapaskóla er byggð á handbók um einelti og vináttufærni eftir Vöndu Sigurgeirsdóttir og Hrefnu Sigurjónsdóttir auk þess sem byggt er á markmiðum uppbyggingarstefnunnar og stuðst við samskiptaáætlanir annarra skóla, til dæmis samskiptaáætlun Sandgerðisskóla.

Tilgangur

Samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) skulu grunnskólar móta sér heildstæða stefnu um það hvernig eigi að fyrirbyggja að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfinu. Samskiptateymi hefur yfirsýn yfir og skipuleggur fyrirbyggjandi aðgerðir gegn samskiptavanda og líkamlegu, félagslegu og andlegu ofbeldi í samstarfi við forvarnarteymi sem hefur yfirsýn yfir forvarnarstarf og sér um samþættingu forvarna.

Samskiptaáætlun Stapaskóla er mótuð og endurskoðuð af samskiptateymi og umsjónaraðila þess. Viðbragðsáætlun er ætlað að fullnægja ákvæði laga um grunnskóla (nr. 91/2008) sem segir að: “skólar skuli hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilkynningum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun. Áætlun skal m.a. framfylgt með því að hver skóli setji sér skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þá skal í skólareglum koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.” Skólareglur Stapaskóla má finna hér.

Markmið

Markmið Stapaskóla er að með ítarlegri samskiptaáætlun megi stuðla að jákvæðum samskiptum og auka þekkingu nemenda, foreldra og starfsfólks á einkennum samskiptavanda og eineltis. Með þekkingu og sýnileika eiga hlutaðeigandi aðilar að vita hvernig hægt sé að bregðast við, hvert sé hægt að leita eftir aðstoð og hafa hugmynd um vinnslu og úrvinnslu mála. Mikilvægt er að allir geti leitað ráða og stuðnings hvort sem um samskiptavanda eða grun um einelti sé að ræða.

Skilgreiningar

Einelti getur haft margar birtingarmyndir en alvarleiki eineltis felst ekki síst í því að um endurtekna neikvæðar og meiðandi athafnir er að ræða og að valdaójafnvægi hefur myndast eða verið til á milli geranda og þolanda. Í samskiptum nemenda eru árekstrar daglegt brauð en árekstrar eru alla jafna leystir jafn óðum. **Samskiptavandi** verður alvarlegur þegar ekki næst að leysa málin og þegar

samskipta mynstrið heldur áfram dögum og vikum saman. Mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk skóla kenni nemendum að leysa ágreining og aðstoði við það verkefni þegar illa gengur. Þannig styrkist félagsfærni barnanna og þannig má fyrirbyggja alvarlegan samskiptavanda og einelti. **Ofbeldi** getur verið líkamlegt, andlegt, félagslegt og kynferðislegt. Ofbeldi er vísitandi beitt í þeim tilgangi að meiða eða skaða aðra manneskju. Skólareglur kveða á um alvarleika ofbeldisbrota og viðurlög við þeim.

Ábyrgð

Stapaskóli leggur ríka áherslu á samstarf heimilis og skóla. Við berum sameiginlega ábyrgð á velferð nemenda en stór liður af því er að takast á við samskipti, samskiptavanda, einelti og ofbeldi í sameiningu.

Hlutverk skóla

- Starfsfólk Stapaskóla fylgir forvarnaráætlun og skilar fjölbreyttri fræðslu til nemenda
- Starfsfólk Stapaskóla grípur inn í þegar vart er við samskiptavanda eða einelti
- Starfsfólk Stapaskóla vinnur með aðilum málsins með fjölbreyttum og viðeigandi hætti og velur inngríp sem hjálpa bæði einstaklingum og hópum
- Starfsfólk Stapaskóla tekur skýra afstöðu gegn einelti og ofbeldi og láta það skýrt í ljós í samtölum við nemendur.

Hlutverk barna

- Nemendur sýna samnemendum kurteisi, tillitssemi og þolinmæði
- Nemendur virða skólareglur
- Nemendur setja öðrum nemendum mörk og benda gerendum á óviðunandi samskipti hvort sem þau beinist að sér eða öðrum nemendum.
- Nemendur láta fullorðinn einstakling, kennara, starfsmann eða foreldri, vita af samskiptavanda eða einelti.

Hlutverk heimilis

- Foreldrar þjálfa börn sín í félagsfærni og samskiptum
- Foreldrar eru í góðum samskiptum við aðra foreldra í vinnahóp og árgangi
- Foreldrar aðstoða börn sín við að leysa vandamál
- Foreldrar taka eineltis og ofbeldismál alvarlega hvort sem börn þeirra séu þolendur, gerendur eða áhorfendur.

Starfsáætlun samskiptateymis

Teymi

Í samskiptateymi sitja:

- Hildur Björg Vilhjálmsdóttir - náms- og starfsráðgjafi
 - Umsjón með samskiptateymi
- Linda Ósk Júlíusdóttir – þroskaþjálfari
- Hafdís Björk Þorsteinsdóttir – þroskaþjálfari
- Brynhildur Sigurðardóttir - kennari unglíngastig
- Sigurrós Hrefna Skúladóttir - kennari yngra stig

Fundartímar

Samskiptateymi fundar að jafnaði annan þriðjudag í mánuði á starfstíma skóla. Viðbótarfundir eru boðaðir eftir þörfum, þá jafnan þegar ný mál hafa verið tilkynnt.

Hlutverk samskiptateymis

- Gerir áætlanir um úrvinnslu mála
- Skiptir með sér verkum og fylgir eftir áætlunum um úrvinnslu mála
- Skipuleggur dag jákvæðra samskipta á degi gegn einelti 8. nóvember ár hvert
- Hefur yfirsýn yfir samskiptaforvarnir og tekur við hugmyndum um úrbætur
- Metur niðurstöður úr skólapúls og rannsóknir og greining
- Kynnir samskiptaáætlun og starfsemi samskiptateymis fyrir starfsfólki Stapaskóla

Hlutverk umsjónaraðila samskiptateymis

- Boðar fundi samskiptateymis og kynnir dagskrá
- Stýrir fundum samskiptateymis
- Sér til þess að fundargerð sé rituð
- Er almennur milliliður starfsfólks, nemenda og foreldra við samskiptateymi
- Vinnur úr tengslakönnunum
- Rannsakar tilkynningar um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi
- Sér um úrvinnslu mála í samvinnu við fulltrúa stoðþjónustu

Hlutverk fulltrúa stoðþjónustu í samskiptateymi

- Aðstoðar við rannsókn á tilkynntum málum um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi
- Sér um úrvinnslu mála í samvinnu við umsjónaraðila

Hlutverk kennara í samskiptateymi

- Fylgjast með og meta árangur af inngrípum

Starfsárið

Ágúst

- Samskiptaáætlun er yfirfarin og gerð áberandi.
- Umsjónarkennarar geri ráð fyrir bekkjarfundum í lok hverrar viku.

September

- Samskiptaáætlun kynnt fyrir starfsfólki á starfsdegi eða fundardegi + samráð og klípusögur.
- Samskiptaáætlun kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundum.
- Umsjónarkennarar búa til bekkjarreglur í samvinnu við nemendur í anda uppbyggingarstefnu.
- Unnið með bekkjarreglur á bekkjarfundum.

Nóvember

- Umsjónarkennarar í 3. til 10. bekk leggja fyrir tengslakannanir, forvinna niðurstöður og skila til umsjónaraðila samskiptateymis
- Umsjónaraðili vinnur úr niðurstöðum tengslakannana en frávik eru tekin til umfjöllunar á fundi samskiptateymis.
- Samskiptateymi skipuleggur og samræmir vinnu á degi jákvæðra samskipta sem haldinn er á baráttudegi gegn einelti 8. nóvember ár hvert.
- Samskiptateymi fer yfir niðurstöður úr skólapúlslinum.

Desember

- Umsjónarkennarar senda samskiptateymi rafrænt yfirlit yfir bekkjarfundi haustannar og ábendingar um samskipta og forvarnarmál í sveitarfélaginu og við skólann.

Janúar

- Unnið er með gildi Stapaskóla (gleði, vináttu, samvinnu og virðingu) og þau samþætt við kennslu í öllum námsgreinum.

Febrúar

- Umsjónarkennarar í 1. til 10. bekk leggja taka einstaklingsviðtöl við nemendur og tilkynna frávik eða áhyggjur til samskiptateymis

Mars

- Samskiptateymi skoðar niðurstöður skólapúlslins.

Mai

- Umsjónarkennarar senda samskiptateymi og skólastjóra rafrænt yfirlit yfir bekkjarfundi vorannar ásamt ábendingum um samskipta og forvarnarmál í sveitarfélaginu og við skólann.
- Samskiptateymi vinnur úr athugasemdum kennara og uppfærir samskiptaáætlun.

Forvarnir

Stefnur og áherslur Stapaskóla í samskiptaforvörnum

Uppbyggingarstefnan

Í uppbyggingarstefnunni eru mörg hagnýt verkefni sem stuðla að farsælum samskiptum. Allir nemendur vinna þarfagreiningu og æfa sig í að þekkja þarfir sínar og annarra. Umsjónarkennarar þjálfar nemendur í að aðskilja mitt og þitt hlutverk. Nemendur sjá fyrir sér drauma kennslustofuna og setja sér bekkjarreglur í samræmi við það. Nemendur eru þjálfaðir í að þekkja lífsgildi sín og virða lífsgildi annarra. En lífsvagninn er verkfæri sem nýtist nemendum við að vinna úr erfiðum tilfinningum, hugsunum eða hegðun. Sáttaleiðin er útfærð í öllum tvenndum, þar er afmarkað svæði þar sem nemendur eru þjálfaðir í að leysa ágreining. Innlögn um sáttaleiðina fer fram samhliða annarri innlögn um uppbyggingarstefnuna strax að hausti og upprifjun að vori. Uppbyggingarstefnan er kennd samkvæmt kennsluáætlun þvert á alla árganga.

allir árgangar

Hugarfrelsi

Stapaskóli er hugarfrelsis skóli. Hugarfrelsi er í stundatöflu nemenda og þeim kennt að nota aðferðir hugarfrelsis til að efla sjálfsmynd og vellíðan. Æfingar hugarfrelsis eru meðal annars í formi öndunaræfinga, jóga, slökunar og hugleiðslusagna.

allir árgangar

Bekkjarfundir

Bekkjarfundir eru skipulagðir í lok hverrar viku. Bekkjarfundum fylgja reglur um fundarform og samskipti á bekkjarfundum. Á bekkjarfundum eru nemendur meðal annars fræddir um hlutverk og þátttöku í einelti og ofbeldi. Ýmis mál eru tekin fyrir á bekkjarfundum en allavega einu sinni í mánuði fjallar bekkjarfundur um jákvæð samskipti, einelti, ofbeldi eða önnur mál sem styrkja félagsfærni nemenda og jákvæð samskipti í bekknum.

allir árgangar

Einstaklingsviðtöl umsjónarkennara

Umsjónarkennarar taka einstaklingsviðtöl við nemendur sína í febrúar ár hvert. Viðtölin eru mikilvæg forvörn, þau styrkja tengsl nemenda og kennara og veita kennurum innsýn inn í líðan eða atburði sem að öðrum kosti gætu farið óséð. Í viðtalinu styðjast umsjónarkennarar við viðtalsramma en aðlaga spurningar að aldri nemenda. Umsjónarkennarar gera umsjónaraðila samskiptateymis grein fyrir frávikum og áhyggjum. Umsjónaraðili ráðleggur eða tilkynnir málið til umræðu í samskiptateymi.

allir árgangar

Tengslakannanir

Umsjónarkennarar leggja tengslakönnun fyrir nemendur í nóvember. Tengslakannanir Stapaskóla eru staðlaðar fyrir yngra- og unglingastig en umsjónaraðili samskiptateymis aðstoðar við fyrirlögn tengslakannana eftir þörfum. Umsjónaraðili samskiptateymis les úr tengslakönnunum og fjallar um niðurstöður þeirra á fundi samskiptateymis þar sem inngríp eru skipulögð.

3. til 10. bekkur

WATCH hópráðgjöf

Með WATCH hópráðgjöfinni eru lögð inn verkefni og verkfæri til að takast á við streitu, kvíða, neikvæða sjálfsmýnd, áreiti af ýmsu tagi og bætt samskipti. Nemendur fá tækifæri til að fara á dýptina með jafningjastuðningi og reglulegum einstaklingsviðtölum við náms- og starfsráðgjafa. WATCH er unnið í 5-8 nemenda hópum.

8. til 10. bekkur

Önnur félagsfærni- og leiðtogaþjálfun

- Kennsluefnið Spor er notað í lífsleikni # 1. til 4. bekkur
- Kennsluefnið Ertu? er notað í lífsleikni # 7. bekkur
- Verkfærakistan er notuð eftir þörfum # 5. til 10. bekkur.
- Klípusögur eru notaðar eftir þörfum # 1. til 10. bekkur

SAFT

Allir árgangar vinna samþættingar eða þemaverkefni í kringum námsefni SAFT einu sinni til tvisvar á ári. Námsefni SAFT leggur áherslu á fræðslu um netöryggi og samskipti.

Unglingastig velur úr verkefnum: kostir og gallar samfélagsmiðla, Tökumst á við fordóma, neteinelti og hatursorðræðu, Námsefni tengt stuttmyndinni “fáðu já”, Vírus. Miðstig velur úr verkefnum: Falskar fréttir, Kostir og gallar farsímanotkunar, Ábyrgð á netinu, Máttur orða, Er i lagi að segja hvað sem er á netinu?, Aukaefni, Tökumst á við neteinelti, Gagnrýnin hugsun og netið, Að ná tökum á vefnum, Rusleyjan. Yngsta stig velur úr verkefnum: Andrés önd - samskipti á netinu, Bækur: Hrekklaus fer á netið, leikurinn, afmælisveislan og verkefniin Ævintýri Emblu í netbæ (5-6 ára) og ævintýri kaffeins Kjærnested á nethafinu (7-9 ára).

allir árgangar

Dagur jákvæðra samskipta

Árleg vitundarvakning um jákvæð samskipti er haldin á degi gegn einelti þann 8. nóvember ár hvert. Stapaskóli tekur þátt í vitundarvakningunni en samskiptateymi skipuleggur framkvæmd dagsins ár hvert.

allir árgangar

Óreglulegir fyrirlestrar og inngrip

Kynningar og fræðsla á vegum Stapaskóla, samskiptateymis, forvarnarteymis, kennara, deildarstjóra og náms- og starfsráðgjafa. # allir árgangar

Kennsluáætlun forvarna

Forvarnarteymi Stapaskóla gefur út kennsluáætlun forvarna. Áætlunin er handbók og dagbók sem auðveldar kennurum að halda utan um skipulag og framkvæmd ólíkra efnisþátta forvarna og fræðslu. Kennsluáætlun forvarna er gefin út af forvarnarteymi að hausti en kennarar skila yfirliti um framkvæmd forvarna í desember og maí ár hvert. Þá óskar forvarnarteymi samhliða eftir hugmyndum kennara að breyttum áherslum í forvarnarstarfi.

Verkefni Reykjanesbæjar

Allir með

Allir með er forvarnarverkefni Reykjanesbæjar sem stuðlar að þátttöku allra barna í skóla, frístunda og félagsstarfi. Allir með hvetja alla íbúa til að hafa jákvæð samskipti og vellíðan í fyrirrúmi.

Heilsu og forvarnarvika

Stapaskóli tekur þátt í heilsu og forvarnarviku Reykjanesbæjar sem haldin er fyrstu vikuna í október ár hvert. Þá viku standa stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar í Reykjanesbæ fyrir opinni eða lokaðri dagskrá sem stuðlar að vitundarvakningu um heilsu og forvarnir.

SAMTAKA

SAMTAKA hópur Reykjanesbæjar er þverfaglegur samstarfshópur um forvarnir í Reykjanesbæ. Umsjónaraðili samskiptateymis Stapaskóla er aðili að SAMTAKA hópnum ásamt fulltrúum annarra leik-, grunn- og framhaldsskóla, fulltrúum foreldra, lögreglunnar og Reykjanesbæjar.

Óreglulegir fyrirlestrar og inngrip

Kynningar og fræðsla á vegum Fjörheima, forvarnarstefnu Reykjanesbæjar eða Samtaka hópsins.

Viðbragðsáætlun

Þegar grunur vaknar um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi er eftirfarandi verklagi fylgt:

1. Tilkynningarblað er fyllt út
 - Tilkynningarblöð eru aðgengileg á drifi kennara, hjá skrifstofustjóra og náms- og starfsráðgjafa.
 - Allt starfsfólk Stapaskóla, nemendur og foreldrar geta tilkynnt grun um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi.
 - Tilkynning er einnig fyllt út ef grunur vaknar eftir tengslakönnun eða einstaklingsviðtal við umsjónarkennara.
2. Tilkynningu er skilað til umsjónaraðila samskiptateymis
 - Umsjónaraðili samskiptateymis er Hildur Björg Vilhjálmsdóttir náms- og starfsráðgjafi. Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er á bókasafni Stapaskóla.
3. Málið er rannsakað
 - Umsjónaraðili samskiptateymis ber ábyrgð á rannsókn mála.
 - Mál eru rannsökuð við fyrsta tækifæri.
 - Rannsókn fer fram, eftir atvikum, með viðtölum við kennara, starfsfólk, foreldra og nemendur.
4. Umræða samskiptateymis
 - Málið og rannsókn þess er lagt fyrir samskiptateymi til umræðu.
 - Þegar rannsókn þykir sýna fram á samskiptavanda, einelti eða ofbeldi gerir samskiptateymi áætlun um inngrip sem endurskoðuð eru á reglulegum fundum samskiptateymis á fjögurra vikna fresti.
 - Þegar rannsókn þykir ekki sýna fram á samskiptavanda, einelti eða ofbeldi er málinu vísað frá.
5. Áætlun
 - Áætlun um inngrip tekur mið af eðli málsins og alvarleika þess.
 - Áætlun er endurmetin á reglulegum fundi samskiptateymis annan þriðjudag í mánuði.
6. Máli lokað eða vísað áfram
 - Þegar mál eru leyst er umræða um lokun máls tekin fyrir á fundi samskiptateymis.
 - Eftir atvikum er nemendum, foreldrum og kennurum sem eiga aðild að málinu tilkynnt um lokun máls.
 - Málum er eftir atvikum vísað áfram til stjórnenda, nemendaverndarráðs, barnaverndar eða lögreglu.
 - Mál sem ekki leysast er vísað í önnur úrræði svo sem til stjórnenda, nemendaverndarráðs, barnaverndar eða lögreglu.
7. Eftirfylgni
 - Eftirfylgni með málum eftir að þeim er lokað er að jafnaði 3 mánuðir

Dæmi um inngrip vegna samskiptavanda

- Næstu bekkjarfundir skipulagðir með umræðum um samskipti og félagsfærni
- Sáttaleiðin notuð í auknu mæli
- Starfsfólki á skólastiginu gerð grein fyrir málinu og áætlun um úrvinnslu
- Aukin afskipti af aðilum í kennslustundum/ frímínútum / mat
- Næstu bekkjarfundir eru tileinkaðir jákvæðum samskiptum
- Almennur póstur á foreldra bekkjarins um mikilvægi jákvæðra samskipta og stuðnings foreldra
- Samtal við foreldra barna sem eiga aðild að samskiptavandanum
- Foreldrar eru hvattir til þátttöku
- Hópefli skipulagt
- Viðbótar fræðsla í bekknum
- Vikuleg viðtöl við náms- og starfsráðgjafa
- Vikuleg viðtöl við þroskaþjálfara
- Vikuleg viðtöl við iðjuþjálfara
- Vikuleg viðtöl við deildarstjóra
- Annað


Dæmi um inngrip vegna eineltis eða ofbeldis

- Fulltrúi úr samskiptateymi eða deildarstjóri fylgir aðilum málsins eftir með vikulegum viðtölum þar sem notast er við viðtalsramma.
- Regluleg samskipti við foreldra
- Næstu bekkjarfundir skipulagðir með umræðum um samskipti og félagsfærni
- Aukin afskipti af nemendum í tímum, í frímínútum og í matsal
- Annað

Tengslakönnun

Nafn: _____

Hvaða krökkum í bekknum viltu helst sitja hjá í skólanum?



Hvaða krakka í bekknum viltu helst leika við í frímínútum?

Hvaða krakka í bekknum viltu helst leika við eftir skóla?



Er einhver í bekknum þínum sem á enga vini?

Er einhver í þínum bekk sem er oft skilin út undan? Hver er það?

Er einhver í þínum bekk sem lætur þér líða illa?

Merktu við hvernig þér líður í skólanum.

- Alltaf vel
- Oftast vel
- Stundum illa
- Oft illa

Merktu við hvernig þér líður heima hjá þér.

- Alltaf vel
- Oftast vel
- Stundum illa
- Oft illa



Tengslakönnun unglíngastígg

Nafn: _____ Bekkur: _____

Nefndu nokkra bekkjarfélaga sem þú vilt helst vinna með?

Nefndu nokkra bekkjarfélaga sem þú vilt helst vera með í frímínútum?

Hvaða vini áttu í bekknum?

Hvaða bekkjarfélaga finnst þér þú þekkja minnst?

Hvaða bekkjarfélögum langar þig til að kynnast betur?

Hjá umsjónarkennara líður mér:

mjög vel vel sáemilega frekar illa illa

Í smíðjum / vali líður mér:

mjög vel vel sáemilega frekar illa illa

Í frímínútum, nesti eða hádegismat líður mér:

mjög vel vel sáemilega frekar illa illa

Samskiptin í bekknum eru:

mjög góð frekar góð góð og slæm slæm

Er einhver í bekknum sem þú treystir?

Nei

Já

Er einhver heima hjá þér sem þú treystir?

Nei

Já

Er einhver í bekknum sem verður útundan?

Nei

Já hver verður útundan? _____

Hvernig gerist það? _____

Veist þú hvort einhverjum í bekknum sé oft strítt?

Nei

Já hverjum er oft strítt? _____

Hver stríðir? _____

Veist þú hvort einhverjum í bekknum líður illa?

Nei

Já hverjum líður illa? _____

Veistu af hverju? _____

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

Einstaklingsviðtal umsjónarkennara

| |
|--|
| 1. Hvernig líkar þér í skólanum? |
| |
| |
| 2. Eru sérstakar kennslustundir sem þér líkar við? Hvaða? |
| |
| |
| 3. Eru sérstakar kennslustundir sem þér líkar ekki vel að vera í? Af hverju? |
| |
| |
| 4. Eru frímínútur sem þú hefur það ekki sérstaklega gott? Hvað er þá í gangi? |
| |
| |
| 5. Hverjir í bekknum ráða mestu? Af hverju heldur þú að þau/þeir/hann hún ráði mestu? |
| |
| |
| 6. Hverjum situr þú hjá? Hverjir sitja við hópborðið þitt? Hvernig gengur það? |
| |
| |
| 7. Heldur þú að allir í bekknum hafi það gott? Er einhver sem þú finnur til með? Er stríðni eða einelti í gangi? Hverjir verða fyrir því? |
| |
| |
| 8. Ef þú gætir valið sjálf/sjálfur hvern myndir þú velja sem allra besta vin í bekknum? Þú mátt velja þrjá. (Biðja nemanda að forgangsraða) |
| |
| |
| 9. Hefur þú hugmyndir um það hvernig við getum haft betri samskipti í bekknum? |
| |
| |
| 10. Er eitthvað í samskiptum innan bekkjarins sem þú hefur ekki talað um og þér finnst að ég eigi að vita? |
| |
| |

Þýðing úr samskiptaáætlun Sandgerðisskóla; unnið úr bókinni Helle Hojby; Ikke mere mobning.

Tilkynning um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi

Nr: _____

TILKYNNING

Um samskiptavanda, einelti eða ofbeldi

Berist til umsjónarkennara

Berist til samskiptateymis

Tilkynnandi: _____

Dags: _____

Tengsl við þolanda: _____

Umsjónarkennari: _____

Mótttekið af: _____

Dags: _____

Þolandi: _____

Bekkur: _____

Aðili að málinu: _____

Bekkur: _____

Aðili að málinu: _____

Bekkur: _____

Aðili að málinu: _____

Bekkur: _____

Aðili að málinu: _____

Bekkur: _____

Aðili að málinu: _____

Bekkur: _____

Aðili að málinu: _____

Bekkur: _____

Aðili að málinu: _____ Bekkur: _____

Eru fleiri sem vita um þennan samskiptavanda einelti eða ofbeldi?

Hvar á samskiptavandinn eða eineltið sér stað? _____

Hversu lengi hefur þetta staðið yfir? _____

Lýstu allavega þremur atvikum og tengslum aðila við málið:



Annað: _____

Annað: _____

Annað: _____

Annað: _____

Annað: _____

Annað: _____

Annað: _____

Annað: _____

Annað: _____

Samskiptateymi ákveður að loka máli _____

Lokun máls rædd við umsjónarkennara _____

Lokun máls rædd við þolanda _____

Lokun máls rædd við foreldri þolanda _____

Lokun máls rædd við geranda _____

Lokun máls rædd við foreldri geranda _____

Máli lokað _____

Eftirfylgni _____

Eftirfylgni _____

Eftirfylgni _____

Eftirfylgni _____

Aðkomu að málinu fyrir hönd samskiptateymis höfðu:

Viðtalsrammi 1a

Viðtalsrammi 1a

Nafn: _____ dags: _____

Nemanda gert kunnugt um að ástæða þess að hann sé kominn í viðtal sé að við höfum fengið upplýsingar um að _____ sé að koma illa fram við hann.

Spurningar sem tengjast samskiptum:

1. Vilt þú segja eitthvað um þetta? _____

2. Hvernig kemur _____ fram við þig? _____

3. Hversu oft hefur þetta gerst? _____

4. Hvenær gerist þetta helst? _____

5. Eru fleiri krakkar sem koma illa fram við þig? _____

6. Hvað gera þau? _____

Dýpri pæling í líðan nemanda:

7. Hvernig líður þér með þetta? _____

8. Sérð þú einhverja leið til að stoppa þetta? _____

9. Hvað myndir þú vilja sjá gerast, ef þú gætir alveg ráðið því? _____

10. Hverju myndi það breyta fyrir þig? Hvernig myndi þér þá líða? _____

11. Er eitthvað sem þér finnst að við ættum að gera fyrir þig hérna í skólanum, til að hjálpa þér?

12. Er eitthvað sem þér finnst að foreldrar þínir ættu að gera til að hjálpa þér? _____

13. Hvernig manneskja vilt þú vera? _____

14. Nú hjálpumst við að við að leysa málin. Vilt þú segja mömmu og pabba frá því sem við

ræddum hér. Viltu að ég hringi heim? _____

Ritað af: _____

dags: _____

Viðtalsrammi 1b

Nemandi: _____

Bekkur: _____

Viðtalsrammi 1b

Hvernig líður þér? _____

Á hvaða hátt lýsir eineltið sér, hvað er sagt, gert og hvar? (Nefna 3 atriði) _____

Hvenær og hvar var síðasta tilfellið? _____

Hvar á eineltið sér stað (frímínútur, kennslustofa, búningsklefi o.s.frv. var starfsfólk nálægt)? _____

Hve lengi hefur eineltið staðið yfir? _____

Hve oft hefur eineltið átt sér stað undanfarna 3 vikur/mánuði? _____

Hver er foringinn? _____

Taka aðrir þátt með? _____

Hverjir fylgjast með? _____

Við hvern hefur þú rætt eineltið? _____

Við ætlum að fylgjast með þér og þeim sem þú nefnir. Við munum ræða við þig aftur í næstu viku og heyra hvernig hefur gengið, hvernig líst þér á það? _____

Nú ferð þú aftur inn í stofuna og þá spyr kannski einhver hvað við vorum að tala um. Finnst þér þú þurfa segja þeim það? _____

Þú þarft ekki að ræða þetta við samnemendur, þú getur sagt þeim að þeir þurfi ekki að skipta sér af þessu.

Við viljum að þú ræðir þetta við foreldra þína og látir þá vita hvað hefur gerst. Viltu svo biðja foreldra þína um að senda mér póst eða hringja í mig í dag eða á morgun. Ef ekki þá hringi ég í þá á morgun.

Annað: _____

Viðtalið tók: _____

Ritari: _____

Viðtalsrammi 2a
Viðtalsrammi 2a

skráð af: _____

Nafn: _____ dags: _____

Við höfum fengið upplýsingar um að þú sért að koma illa fram við nemanda í bekknum þínum. Veistu hvern við erum að tala um? _____

Starfsfólk hefur tekið eftir því að þetta sé að ágerast, að það séu nokkrir aðilar í bekknum sem séu að stríða _____

1. Vilt þú segja eitthvað um þetta? _____

2. Af hverju heldurðu að við séum að tala við þig? _____

3. Er eitthvað til í þessu? Er þetta rétt? _____

Dýpri pæling í líðan nemanda og ástæður neikvæðrar hegðunar

4. Hvað finnst þér um þetta? _____

5. Vilt þú vera svona manneskja? _____

6. Ef þið mynduð skipta um hlutverk; þú værir hann/hún og hann/hún væri þú. Hvernig myndi þér líða? _____

7. Myndir þú vilja vera í hans/hennar sporum? _____

8. Hvað viltu gera í þessu? _____

9. Hvernig ætlarðu að gera það? _____

10. Hverju myndi það breyta fyrir þig? Hvernig myndi þér þá líða? _____

11. Er eitthvað sem þér finnst að við ættum að gera fyrir þig hérna í skólanum, til að hjálpa þér?

12. Er eitthvað sem þér finnst að foreldrar þínir ættu að gera til að hjálpa þér? _____

13. Hvernig manneskja viltu vera? _____

14. Við ætlum að hringja í foreldra þína og segja þeim hvað við höfum verið að ræða. Hvað finnst þér um það? _____

Viðtalsrammi 2b

Viðtal við hugsanlegan geranda eineltis

Samtal við: _____ **vegna:** _____

Sæl/Sæll _____ Veist þú hvers vegna við viljum tala við þig?

Það er vegna __ Hann/hún er tekin(n) fyrir. Veist þú eitthvað um þetta?

Getur þú sagt okkur hvað þú veist um þetta? _____

Stríða þeir eða gera þeir eitthvað meira? (Gerist það sjaldan eða oft að hann/hún er tekin(n) fyrir?)

Við vitum að þú hefur verið með og strítt henni/honum. Þú kannast við það, ekki satt? _____

Hvar voruð þið þegar þetta gerðist? _____

Gerðir þú eitthvað meira, annarsstaðar? _____

Þetta er mjög alvarlegt sem þú ert að segja. Við vitum um atvik sem var á _____ daginn. Og vitum við að þú varst með þá, það passar, ekki satt? (Nefna atriði ef viðkomandi fer að þræta)við vitum að þú ert ein(n) af þeim sem er forsprakkin(n) í að taka __ fyrir. Þetta hér sem við erum að tala um er kallað einelti, við lítum það mjög alvarlegum augum. Þetta verður að hætta strax og má aldrei koma fyrir aftur. Skilurðu hvað við erum að tala um?

5 sek. Þögn

Hvað getur þú gert til að eineltið stoppi og ____ verður ekki oftast fyrir einelti?

Heldur þú að þú getir það? _____

3 sek. Þögn

Getur þú gert eitthvað fleira til að _____ verði ekki oftast fyrir einelti? _____

Þetta er góð tillaga, heldur þú að það sé erfitt? _____

Þú ert þá til í að reyna að segja þeim að hætta ef að einhver ætlar að vera leiðinlegur hann/hana?

Þetta hljómar mjög vel..... Við trúum því að með þinni hjálp og annara, muni eineltið stoppa.

En við ætlum að fylgjast með þér (og hinum gerendunum) og eftir viku eða svo munum við tala við þig aftur og heyra hvernig hefur gengið, hvað segir þú um það?

.... nú þegar þú kemur aftur inn í stofuna þá spyrja kannski vinir þínir hvað við vorum að tala um. Finnst þér að þú verðir að segja þeim frá þessu? _____

Þá finnst okkur að þú eigir ekki að gera það. Þú getur sagt að þetta sé þitt mál og þeir þurfi ekki að skipta sér af því. _____

Við viljum að þú ræðir þetta við foreldra þína og látir þá vita hvað hefur gerst. Viltu svo biðja foreldra þína um að senda mér póst eða hringja í mig í dag eða á morgun. Ef ekki þá hringi ég í þá á morgun.

Annað: _____

Viðtalið tók: _____

Ritari: _____